

		Flutt ....	Kr.	738,70	Kr. 195189,28
15. júní	3. Til frú Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnús- ar Gunnarssonar .....	—	534,00		
	4. Til frú Ágústu Jóhannsdóttur, ekkju Þór- halls Jóhannessonar, hjeraðslæknis .....	—	534,00		
	5. Fyrv. prestur Guttormur Vigfússon, frá $\frac{1}{6}$	—	623,00		
				—	2429,70
				Samtals ....	kr. 197618,98

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.  
(L. S.)

*Jón Þorláksson.*

6  
15. júní

## LÖG

um

### happdrætti (lotteri) og hlutaveltur (tombólur).

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Happdrætti, hveffrar tegundar sem er, má ekki hafa nema með leyfi  
dómsmálaráðuneytisins, og ekki hlutaveltur nema með leyfi lögreglustjóra.

Peningahappdrætti eða önnur þvilík happspil má ekki setja á stofn  
án lagaheimildar.

## 2. gr.

6

Það er bannað mönnum á Íslandi að versla þar með eða selja hluti fyrir erlend happdrætti eða önnur þvilík happspil, eða að hafa þar á hendi nokkur störf, er að þessu líta.

15. júní

## 3. gr.

Brot gegn 1. gr. sæta sektum til ríkissjóðs, 50—2000 kr., en brot gegn 2. gr. 500—5000 kr., og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**LÖG**

um

**raforkuvirki.**

7

15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Hver sveitar- eða bæjarstjórn hefir einkarjett til þess að stofnsetja raforkuver til almenningsþarfa, önnur en vatnsorkuver, og starfrækja þau innan sveitar. Til starfrækslu utansveitar þarf samþykki ráðherra,